

Þingflokksfundur Pírata

Þriðjudaginn 20.12.2017, kl. 13:00 - 14:00

Nr. 20/148

| | |
|-------------------|--|
| Fundarstjóri | Eiríkur Rafn Rafnsson (ERR) |
| Fundarritari | Eiríkur Rafn Rafnsson |
| Fundinn sátu | Björn Leví Gunnarsson (BLG) Halldóra Mogensen (HM) Helgi Hrafn Gunnarsson (HHG) Jón Þór Ólafsson (JPÓ) Smári McCarthy (SMC) Þórhildur Sunna Ævarsdóttir (PSÆ) |
| Áheyrnarfulltrúar | Kristján Gunnarsson (KG) Erla Hlynisdóttir (EH) |

Fundargerð

1. Samþykkt fundargerða

Fundargerðir nr. 1/148 frá 29. október 2017 og nr. 2/148 frá 30. október 2017 samþykktar með fyrirvara um tilvísanir í greinanúmer þingflokksamþykktar.

2. Bréf þingflokksformanns

Fjallað um nefndarstörf og fyrirkomulag þingstarfa næstu daga. HHG mun óska eftir minniblað um stöðu mála varðandi breytingar á lífeyristökualdri sem kynntar voru í fjárlögum en eru ekki í bandorminum.

3. Sérstakar umræður

Sérstakar umræður um aðgerðir í húsnæðismálum á fimmtudag kl. 11:00. HM og SMC taka slottin.

4. Störf þingsins

JPÓ, BLG, HHG, SMC hafa óskað eftir að taka þátt í umræðum um störf þingsins. ERR sendir inn beiðni þess efnis.

5. Næstu skref í Landsréttarmálinu

JPÓ kynnir þá vinnu sem hefur verið í gangi undanfarna daga.

6. Fjármál stjórnmalaflokkanna

Yfirferð yfir stöðu mála. BLG, EH og KG halda áfram með málið að þingflokksfundi loknum.

7. Afgreiðsla bandorms úr nefnd

HHG lýsir vinnubrögðum í nefndinni. Líttill tími til stefnu en mikill fjöldi mála. Málið verður tekið út úr nefnd á eftir. ERR mun aðstoða HHG við yfirlestur nefndarálita.

8. Umræður um fjárlagagerð

Fjallað um fjárlagagerðina. Tillaga frá JPÓ: Þingflokkur Pírata samþykki ekki að klára aðra umræðu

fjárlaga ef það er selti stefna í heilbrigðismálum. Tillagan bíður afgreiðslu.

9. Önnur mál

- *Áheyrnarfulltrúar á þingflokksfundum*

Samþykkt samhljóða að Olga Margrét Cilia, Snæbjörn Brynjarsson og Álfheiður Eymarsdóttir, varabingmenn Pírata, fá aðgang að þingflokksfundum sem áheyrnarfulltrúar.